

70. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 21. mars 2023, kl. 13:00 á fjarfundi.

**Mættir:** S. Guðrún Hauksdóttir formaður, Dórópea Reimarsdóttir varaformaður, Íris Hauksdóttir, Katrín Freysdóttir, Jón Grétar Guðjónsson fulltrúi nemenda, Ida Semey fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jónína Kristjánsdóttir sem var ritari fundarins í fjarveru Jónu Vilhelmínu Héðinsdóttur.

## Dagskrá

### 1. Starfsmannamál, auglýsingar

Lára sagði frá því að Tryggvi Hrólfsson enskukennari færi í námsleyfi næsta vetur. Þar sem að hann fer í námsleyfi þarf ekki að auglýsa starfið hans. Inga Þórunn Waage sem hefur verið hér hjá okkur í starfsnámi mun leysa Tryggva af.

Næsta vetur mun fötluðum sennilega fækka hjá okkur og ekki víst að við höfum þörf fyrir þroskaþjálfara í 50% stöðu. Leitað verður leiða til að leysa mál þroskaþjálfans þar sem ekki er útilokað að þörf verði fyrir hann síðar. .

### 2. Störf skólanefndar

Lára kom inn á að margir nefndarmenn væru nýir og langaði hana að vita hvort þeir væru ánægðir með störf og fyrirkomulag nefndarinnar.

Nefndarmenn kváðust vera ánægðir með fyrirkomulagið. Dórópea sagði að sér fyndist allt þarna inni sem nefndinni bæri að skipta sér af. Guðrún sagði að auðvelt væri að tala við Láru og koma að einhverri viðbót til að ræða á fundum ef þess þyrfti. Hún sagði líka að þær Lára töluðu oft saman.

### 3. Rekstrarniðurstöður fyrra árs kynntar (flutt - fjármálastjóri erlendis)

Lára óskaði eftir að flytja þennann lið þar til næst af því að Inga fjármálastjóri er ekki við. Það var samþykkt.

### 4. Önnur mál

#### *Miðannarvika*

Lára sagði frá miðannarviku, hvernig hún hafi verið í upphafi og hvernig hún hefði breyst með árunum. En í síðustu miðannarviku kom upp óánægja með mætingu og skipulag. Umræður urðu um fyrirkomulagið og hvernig mögulegt væri að bæta það.

Dórópea spurði hvort ferðir í miðannarviku væru einungis miðaðar við staðnema?

Lára og Ida sögðu að fjarnemar hefðu líka farið í utanlandsferðir en annars væru fjarnemar í fríi þessa viku. Guðrún sagðist tala af reynslu og að fá frí í miðannarviku sem fjarnemi væri vel þegið.

#### *Samnor: Kynningarmál, umhverfismál,*

Lára sagði frá Samnor, samstarfsvettvangi framhaldsskóla á Norðurlandi eystra. Ýmis verkefni hafa verið unnin á þessum sameiginlega vettvangi.

#### *Samland: Fundir mrm, SÍF, sameining skóla*

Lára sagði að Samland væru 12 dreifbýlisskólar sem hafa átt í samstarfi í mörg ár. Hún gerði grein fyrir í hverju þetta samstarf hefur falist.

#### *Ferðalög/ heimsóknir: Finnland, Kanaríeyjar, Kýpur, Pólland*

Ida sagði frá ferð hennar og Villu til Finnlands á vegum NordPlus. Um er að ræða samstarfsverkefni sem snýr að fullorðinsfræðslu og virkri borgaravitund. Er það í samstarfi við Finnland, Danmörku og Svíþjóð. Það verður ráðstefna í Kaupmannahöfn í apríl þar sem þetta

verkefni verður gert upp. Ida sagði að nú í apríl væru 12 nemendur frá okkur að fara til Portúgal í Erasmusverkefni, heimsmarkmið - umhverfi og sjálfbærni.

Lára, Ida, Karólína, Bergþór og Sigurður Mar fóru til Kýpur í námsferð (endurmenntun). Þessi ferð leiddi til áframhaldandi samstarfs í listum og verður haldin sýning í Mjólkurbúðinni í Gilinu í sumar.

Villa er núna á Tenerife á námskeiði með aðstoðarstjórnendum framhaldsskóla.

Inga, Kolbrún, Björk, Birgitta og Diljá eru í Póllandi í Efta-samstarfi og eru að kenna kennurum þar okkar kennsluaðferðir.

Lára fer svo til Varsjár í apríl með skólameisturum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:05